

INNKAUPARÁÐ

Ár 2016, föstudaginn 22. janúar var haldinn 361. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 12:15. Viðstaddir voru Magnea Guðmundsdóttir, Dóra Magnúsdóttir og Börkur Gunnarsson. Auk þeirra sat Ásgerður Jóna Flosadóttir áheyrnarfulltrúi fundinn. Einnig sátu fundinn; Jón Pétur Skúlason frá embætti borgarlögmans, Jóhanna E. Hilmarsdóttir og Hrólfur Sigurðsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 12. janúar sl., varðandi heimild til fyrri framlengingar á verksamningi Hreinsitækni ehf., um eitt ár vegna hreinsunar gatna- og gönguleiða í Reykjavík 2014-2016, útboð I nr. 13140. R14020116.
Samþykkt
2. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 12. janúar sl., varðandi heimild til fyrri framlengingar á verksamningi Hreinsitækni ehf., um eitt ár vegna hreinsunar gatna- og gönguleiða í Reykjavík 2014-2016, útboð II nr. 13141. R14020117.
Samþykkt

Björn Ingvarsson tekur sæti á fundinum undir liðum 1 og 2.

3. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 20. janúar sl., varðandi heimild til sammingskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar sbr. b. lið 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, um uppbyggingu viðbyggingar við borgarbókasafnið að Tryggvagötu 15. R16010079.
Samþykkt

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram yfirlit innkaupadeildar Reykjavíkurborgar yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofa og sviða í desember 2015. R15010074.
Innkauparáð gerir ekki athugasemdir við framlagt yfirlit.

Fundi slitið kl. 12:45

Magnea Guðmundsdóttir (Sign)

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Börkur Gunnarsson (sign)